

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 26. apríl 2007 í máli

nr. S-6/2007:

Ákærvaldið

(*Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari*)

gegn

X

(*Róbert Árni Hreiðarsson hdl.*)

Mál þetta, sem dómtekið var þann 26. mars sl., er höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 22. janúar 2007, á hendur X,

„fyrir eftirfarandi brot gegn almennum hegningarlögum og umferðarlögum:

A.

1. Fyrir tilraun til manndráps með því að hafa, þriðjudaginn 20. júní 2006, á ofangreindu heimili sínu veist að þáverandi unnustu sinni, [A], og hellt yfir hana bensíni og hafa ætlað sér að bera eld að henni en horfið frá þeirri ætlan sinni þegar honum varð ljóst að hann hafði ekki nothæf eldfæri.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B.

2. Fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 1. ágúst 2006, ekið bifreiðinni LY-399, sviptur ökurétti, suður þjóðveg nr. 85, Norðausturveg, til móts við Austursand, í Norður Þingeyjarsýslu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 82/1998 og nr. 57/1997.

C.

Fyrir tilraunir til manndráps, stórfellda líkamsárás og brot gegn líkama og lífi að kvöldi sunnudagsins 5. nóvember 2006, að [...], með því að hafa:

3. Veist að [A] og stungið hana með hnífi með þeim afleiðingum að hún hlaut tveggja cm langt stungusár aftan á brjóstkassa vinstra megin neðan við vinstra herðablað.
4. Eftir að eldur kom upp í húsinu, veist að [B] þar sem [B] var á leið út úr húsinu og stungið hann með hnífi með þeim afleiðingum að hann hlaut fjögurra cm langt og þriggja cm djúpt stungusár á vinstri síðu rétt neðan við XII. rifbein. [B] komst af sjálfsdáðum út úr brennandi húsinu.
5. Ennfremur eftir að eldur kom upp í húsinu, kastað logandi efni; púða, handklæði eða dúk, í [A] með þeim afleiðingum að hún hlaut I.-III. stigs bruna á báðum öxlum, á hálsi, enni, hnakka, herðum og hægri upphandlegg, samanlagt á um 5 til 7% af yfirborði líkamans.
6. Látið fyrir farast að kalla eftir aðstoð eða reyna að koma [A] út úr brennandi húsinu en lögreglumenn björguðu henni meðvitundarlausri út þegar þeir komu á vettvang.

Telst brot ákærða samkvæmt 3. og 4. tölulið varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, samkvæmt 5. tölulið við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, og samkvæmt 6. tölulið við 1. mgr. 221. gr. almennra hegningarlaga.

D.

7. Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa, þegar lögregla kom á vettvang í kjölfar atburða sem greint er frá í C. kafla ákæru, ógnað lögreglumönnum C og D með hnífi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976 og lög nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Af hálfu B er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaða- og miskabóta samtals að fjárhæð kr. 533.031 auk vaxta og dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 auk kostnaðar vegna lögmannaástoðar að

viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu A er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta samtals að fjárhæð kr. 1.500.000 auk vaxta og dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 auk kostnaðar vegna lögmannaðstoðar að viðbættum virðisaukaskatti.

-

A. kafli ákærunnar.

Málavextir.

Samkvæmt rannsóknargögnum hringdi E frá heimili sínu ... í lögregluna á Húsavík þann 20. júní 2006. Kvaðst hún vera rúmliggjandi vegna veikinda en sonur hennar, ákærði í málinu, væri þar mjög ölvaður. Hann hefði ráðist á sambýliskonu sína A og meðal annars skvett á hana bensíni í þeim tilgangi að kveikja í henni. Kvaðst E vera mjög hrædd við ástandið á heimilinu. Fór lögregla þegar af stað með hraði og kallaði eftir aðstoð sjúkraflutningamanna. Eftir könnun á aðstæðum var ákærða ekið til vinar síns á A var færð til Húsavíkur en hún vildi ekki þiggja aðstoð lækna. Var Félagsþjónustu Þingeyinga falið að aðstoða A.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði neitar sök samkvæmt þessum ákærulið. Hann lýsir atvikum svo að hann og A hafi verið að rífast um brennivín. Hún hafi sagt honum að brenna í víti og hann því farið út og hellt yfir sig bensíni sem hann hafi fundið í brúsa. Kveðst hann hafa ætlað að fyrirfara sér. Þegar A hafi komið út hafi hann skvett bensíni á hana til að hún kæmi ekki nær honum. A hafi þá flúið til móður ákærða og þegar hann hafi komið þangað hafi hún legið undir rúmi eða undir sæng. Ákærði kveðst hafa hringt á lögreglu að ósk móður sinnar. Hann kveðst ekki muna eftir því en segir að móður hans minni að hún hafi beðið hann að hringja og hann gert það. Ákærði kveður sögu um að hann hafi ekki kveikt í A vegna þess að hann hafi vantað eldfæri bara hafa verið brandara sem gengið hafi manna á milli. Aðspurður kveðst ákærði ekki vita hvort hann var með eldspýtur eða kveikjara á sér. Hann hafi hætt við að fyrirfara sér en ekki vegna þess að hann vantaði eldfæri og hann hafi aldrei ætlað að kveikja í A. Ákærði kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis þegar þetta gerðist og A hafi verið ofurölvi og snælduvitlaus.

Vitnið A kveður þau ákærða hafa verið að drekka og eitthvað verið að þrasa en hún muni ekki nákvæmlega um hvað. Hún hafi svo gengið fram í eldhús en þegar hún hafi komið aftur inn í herbergi til hans hafi hann skvett yfir hana bensíni. Hún hafi verið í drygættinni og hann komið á móti henni og skvett á hana. Þetta hafi verið sláttuvélabensín í plastbrúsa. Aðspurt kveðst vitnið ekki muna hvort ákærði sagði eitthvað við hana þegar hann skvetti bensíninu á hana. Hún kveðst þó hafa haldið að hann ætlaði að kveikja í henni, hún hafi orðið mjög hrædd og flúið inn til móður hans. Vitnið kveðst ekki vita hvort ákærði hafi í raun haft ásetning til að drepa

hana og segir að hann hefði sjálfsagt fundið eldfæri ef hann hefði leitað. Hún hafi trúað því þegar þetta gerðist að hann myndi kveikja í henni og ákærði hafi nokkrum dögum síðar sagt sér að hann hafi ætlað að kveikja í henni en vantað eldfæri. Þau hafi þá verið að ræða hve alvarlegt ástandið á honum væri og hann hafi haft verulegar áhyggjur af því að hann skyldi hafa gert þetta. Vitnið segir að þau hafi bæði verið drukkin þegar þetta gerðist. Aðspurt kveður vitnið það ekki rétt að hún hafi sagt honum að stikna í víti og kveðst ekki vita til þess að hann hafi hellt bensíni yfir sjálfan sig. Hún hafi ekkert heyrt um að hann hafi ætlað að fremja sjálfsmorð fyrr en hún las það síðar.

Vitnið F aðstoðarvarðstjóri kveðst hafa farið að Sandvík í umrætt sinn auk annars lögreglumanns. Þar hafi A skýrt þeim frá því að ákærði hefði lagt á hana hendur og skvett á hana bensíni og ætlað að kveikja í henni. Hún og ákærði hafi bæði verið ölvuð og heimilið heldur óhrjálegt. Vitnið kveðst hafa rætt við móður ákærða sem hafi sagt að A hefði skriðið upp í til hennar miður sín af hræðslu og angandi af bensínlykt og sagt að ákærði hefði skvett yfir hana bensíni og ætlað að kveikja í henni. Vitnið kveðst hafa hitt ákærða í útihúsi eða skemmu við bæinn, hann hafi þá verið rólegur. Vitnið kveðst hafa rætt við ákærða en kveðst aðspurt ekki muna eftir að hafa fundið bensínlykt af ákærða eða að hann hafi rætt um að hafa hellt bensíni yfir sjálfan sig. Aðspurt um eldfæri kveður vitnið ákærða og A bæði reykja og þau hafi bæði kveikt sér í sígarettu á meðan þeir voru á vettvangi. Vitnið kveður mikla bensínlykt hafa verið af A og föt hennar hafi legið úti, bensínblaut, og við bakdyr hússins hafi verið bensínbrúsi. Vitnið kveðst lítið hafa rætt við A, C hafi annast það. Nokkurn tíma hafi tekið að fá hana til að fara með þeim.

Vitnið C varðstjóri kveður E, móður ákærða, hafa óskað eftir hjálp því ákærði hefði veist að A og skvett á hana bensíni. Vegna alvarleika málsins hafi verið ekið þangað með hraði en þetta hafi þó að mestu verið um garð gengið þegar þeir hafi komið á vettvang. A hafi þá verið í íbúðarhluta ákærða en ákærði úti í skemmu sem sé áföst við húsið. Vitnið kveðst strax hafa fundið megnu bensínlykt í húsinu. Hann hafi byrjað á að ræða við E sem hafi sagst hafa heyrt háreysti frammi og A hefði svo komið og stokkið upp í rúm til hennar angandi af bensíni og mjög hrædd. Vitnið kveðst einnig hafa rætt við ákærða sem hafi virst tiltölulega rólegur og kveður vitnið sig minna að hann hafi verið að reykja. Vitnið segir að ákærði hafi sagt sér að þau A hafi deilt um víNFLösku en ákærði hafi lítið vilja ræða atvikið með bensínið. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa athugað hvort bensínlykt hafi verið af ákærða eða föt hans bensínblaut. Mikil bensínlykt hafi verið þarna og bensínblaut föt A hafi legið úti en ekki föt af ákærða. Vitnið kveður F hafa ekið ákærða til ... og hann hefði eflaust tekið eftir því ef bensínlykt hefði verið af ákærða. Vitnið kveður A hafa verið búna að þvo sér þegar þeir komu en hún hafi verið svolítið rauð og þrútin í andliti. Hún hafi sagst hafa fengið bensín í andlit og augu. Vitnið kveðst hafa heyrt það á vettvangi að ákærði hefði reynt að kveikja í henni en ekki getað það vegna þess að eldspýturnar hafi blotnað og kveður sig minna að A hafi sagt þeim það. Henni hafi verið nokkuð brugðið vegna þessa. A hafi einnig minnst á að hún ætti erfitt með andardrátt því ákærði hefði trampað á brjósti hennar. Það hafi þó ekki verið ljóst hvort það hafi gerst í sama skipti eða verið áður. Vitnið kveðst hafa þurft að beita A miklum fortöllum til að fá hana til að fara með þeim til Húsavíkur. Einnig hafi þurft að koma ákærða burt svo móðir hans fengi frið, ákærði og A hafi bæði verið ölvuð. Vitnið kveður ákærða ekki hafa verið formlega

handtekinn þarna, þeir hafi þekkt ákærða og hann hafi ekki verið líklegur til að ráðast á þá. Ákærði hafi þó verið reiður við A. Aðspurt kveður vitnið þá ekki hafa leitað gaumgæfilega að eldfærum. Vitnið kveðst kannast við að ákærði hafi eitthvað minnst á að hafa ætlað að fyrirfara sér, ekki strax þegar þeir komu, þeir hafi verið á staðnum í um eina og hálf klukkustund. Ákærði hafi þó ekki talað um hvernig hann ætlaði að gera það en minnir þó að bensínið hafi verið liður í þeirri ætlan. Aðspurður um vettvangsskýrslu vitnisins, þar sem segir að ákærði hafi viðurkennt að hafa hellt bensíni á A en aðeins hafa ætlað að hræða hana, kveður vitnið það eflaust rétt eftir ákærða haft.

Niðurstaða

Í ákæru er ákærða gefin að sök tilraun til manndráps með því að hafa veist að A og hellt yfir hana bensíni og hafa ætlað að bera eld að henni en horfið frá þeirri ætlan sinni þegar honum varð ljóst að hann hefði ekki nothæf eldfæri.

Ákærði kveðst fyrst hafa hellt bensíni yfir sig í þeim tilgangi að fyrirfara sér. Þá viðurkennir ákærði að hafa skvett bensíni á A en neitar að hafa ætlað að bera eld að henni. Á vettvangi viðurkenndi ákærði einnig að hafa hellt bensíni á A en kvaðst aðeins hafa ætlað að hræða hana. Vitnið A kvaðst hafa orðið mjög hrædd og í framburði vitnisins C kom fram að E, móðir ákærða, hafi sagt að A hefði verið mjög hrædd. Vitnið A kvaðst þó ekki vita hvort ákærði hafi haft ásetning til að bana henni og bar að hann hefði sjálfsagt fundið eldfæri ef hann hefði leitað. Á vettvangi var ekki rannsakað hvort þar voru eldfæri en vitnin F og C sögðu að þá minnti að ákærði hafi verið að reykja þegar þeir komu á vettvang. Þá var ekki kannað hvort ákærði hefði hellt bensíni á sjálfan sig eins og hann heldur fram. Er ekki útilokað að svo hafi verið og að ákærði hafi haft í huga að fyrirfara sér eins og hann heldur fram.

Að virtum framburði ákærða og vitna þykir varhugavert að telja sannað að ákærði hafi haft ásetning til að ráða A af dögum svo sem hann er ákærður fyrir, sbr. 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ber því að sýkna ákærða af sakargiftum samkvæmt þessum A. kafla ákærunnar.

B. kafli ákærunnar.

Við þingfestingu málsins, þann 30. janúar sl., viðurkenndi ákærði brot sitt samkvæmt B. kafla ákærunnar. Er játning hans í samræmi við gögn málsins og telst sök hans því nægjanlega sönnuð og varðar við tilgreind lagaákvæði.

C. kafli ákærunnar.

Málavextir.

Samkvæmt rannsóknargögnum barst lögreglunni á Húsavík tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð lögreglu að kvöldi sunnudagsins 5. nóvember 2006 um að kona hefði hringt frá ... og sagst hafa verið stungin í bakið. Hún hefði hringt úr síma skráðum á A. Tveir lögreglumenn fóru á staðinn. Þegar þeir komu á vettvang klukkan 23:07 bárust hróp frá húsinu að ... og var B, húsráðandi að ..., þar staddur. Annar lögreglumannanna fór þangað til að ræða við B og húsráðendur þar en hinn fór að ... til að kanna aðstæður. Þegar hann kom að húsinu varð hann þess var að eldur var laus í stofu hússins. Kom hinn lögreglumaðurinn þá strax yfir að ..., án þess að ná að tala við B. Þeir opnuðu aðaldyr hússins en komust ekki inn sökum hita og reykjarkófs og óskuðu eftir aðstoð slökkviliðs. Þeir reyndu að kalla og kíkja inn um aðaldyrnar til að athuga hvort einhver væri inni. Þeir fengu engin svör en urðu svo varir við umgang innandyra og útidyráðurinn skelltist aftur. Í sama mund kom ákærði aðvífandi og virtist hann mjög ölvaður og ruglaður. Öðrum lögreglumanninum tókst með erfiðismunum að komast inn fyrir dyrnar og fann þar A meðvitundarlaus og dró hana út. Þar sem lögreglumennirnir bogruðu yfir A og reyndu að auðvelda henni andardrátt og ná sambandi við hana tók annar þeirra skyndilega eftir hreyfingu á bak við þá og leit við. Þar stóð ákærði með hníf í vinstri hendi. Lögreglumaðurinn yfirbugaði ákærða, og féll hnífurinn á jörðina. Klukkan 23:09 komu sjúkraflutningamenn á vettvang og var A flutt á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Reyndist hún vera með stungusár auk brunasára. Lögregla sneri sér þá að B og kom í ljós að hann hafði einnig verið stunginn. Hann var fluttur til aðhlynningar á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.

Klukkan 23:15 kom slökkvilið á vettvang og hóf slökkvistarf. Rúður í stofu hússins höfðu sprungið út og logaði út um gluggana. Slökkvistarfi lauk klukkan 02:40, en nauðsynlegt reyndist að rjúfa þak hússins og vegg í stofu og rífa burt einangrun þar sem í henni leyndust glæður.

Á vettvangi fannst blóð í svefnherbergi í norðvesturenda hússins, bæði í rúmfötum og á dýnum. Einnig var blóð á plastpoka sem lá til vinstri undir gluggakistu þegar komið var inn í herbergið en var færður upp á rúmdýnuna vegna vatnselgs eftir slökkvistarf. Lagt var hald á fatnað ákærða, A og ytri fatnað B. Blóðsýni var tekið úr ákærða kl. 01:55.

Lífsýni sem fundust á hnífnum sem fannst í grasinu þar sem ákærði var handtekinn, bol ákærða og buxum voru send til rannsóknar hjá Rettsmedisinsk institutt í Osló. Í sýni af peysu ákærða fannst DNA af sömu formgerð og B hefur. Í sýnum af hnífnum fannst blanda af DNA af sömu formgerð og hjá A og B. Í sýnum af gallabuxum ákærða fannst DNA af sömu formgerð og hjá B.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði kveðst hafa verið í heimsókn hjá B ásamt A. Hann kveðst minna að þau hafi komið þangað á miðvikudegi og þau hafi verið að drykkju frá því þau komu þangað þar til atburðir máls þessa gerðust. Ákærði kveðst hafa verið búinn að vera á morfini í þrjá mánuði fyrir þetta en tekið síðasta skammtinn af því á fimmtudegi. A hafi útvegað honum verkjalyf og geðlyf til að taka á meðan hann kæmist yfir fráhvörfin af því og hann hafi tekið eitthvað af slíku á laugardeginum og

sunnudeginum. Umrætt kvöld hafi hann og A farið að rífast. Hann muni ekki af hverju en hann viti þó að hann hafi viljað fara heim því móðir hans hefði verið að útskrifast af sjúkrahúsi en A hafi viljað halda áfram drykkju. A hafi farið fram í eldhús og náð í ís úr frystikistunni og byrjað að reyna að brjóta hann. Honum hafi fundist henni farast það illa úr hendi svo hann hafi tekið við af henni. Á meðan hafi þau hafi haldið áfram að þrátta og hann hafi sagt henni að fara til G, manns á Akureyri sem hún hafi verið að reyna að ná sambandi við. Hann hafi ef til vill slegið til hennar eða ýtt henni frá sér og hann gæti þá hafa verið með hnífinn í hendinni. Hún hafi hrökklast út úr eldhúsinu. Ákærði kveðst hafa beygt sig eftir hnífnum sem legið hafi á gólfinu og þá séð að hnífurinn var blóðugur. Hann hafi þá hugsað með sér að hnífurinn hefði eitthvað rekist í A. Í því hafi B komið inn í eldhús, rífið í öxl ákærða og spurt hvað gengi á. Þeir hafi svo tekist lítillega á, líklega við eldhúsvaskinn, það hafi bara verið eitthvað hnoð en B hafi svo farið fram. Ákærði kveðst ekki muna eftir að hafa stungið B en hann hafi kannski rispast eitthvað því ákærði hefði verið með hnífinn í höndunum. Hann kveðst ekki muna eftir að hafa stungið þau viljandi. Ákærði er spurður um framburð hans fyrir lögreglu þann 6. nóvember þar sem hann sagðist hafa stungið A. Hann kveður framburð sinn þá meira og minna byggðan á upplýsingum frá lögreglu sem hafi sagt honum að hann hefði verið óður með hníf og stungið A og B. Hann hafi haft óljósa hugmynd um að hann hefði gert A eitthvað óviljandi. Þegar hann hafi séð hnífinn blóðugan á gólfinu hafi hann gert sér grein fyrir að A hefði líklega orðið fyrir einhvers konar stungu. Hann hafi hins vegar enga hugmynd haft um meiðsl B fyrr en hann hafi heyrt lögreglu tala um það fyrir utan klefa hans að hann hefði hálfdrepið þau. Hann hafi þó ekki fengið að vita hvort þau væru lífs eða liðin.

Ákærði kveðst á einhverjum tímapunkti hafa verið í hálfgerðu losti inni í eldhúsi yfir að hafa gert eitthvað af sér. Hann hafi svo heyrt í reykskynjara en hann viti ekki hvort það hafi verið áður eða eftir að B réðst á hann. Hann kveðst telja að B hafi vaknað við reykskynjarann. Ákærði kveðst hafa farið fram og séð eld í stofunni og reynt að slökkva hann með lélegum árangri. Hann hafi farið inn í eldhús til að ná í meira vatn og leita að slökkvitæki. Þar hafi hann meðal annars tekið dulu sem hann hafi breitt yfir eldinn til að kæfa hann. Ákærði kveðst hafa breitt þessa dulu, sem gæti hafa verið handklæði, yfir eld á gólfinu fyrir framan sjónvarpið. Hann hafi svo talið að hann væri búinn að slökkva hann og tekið duluna upp. Þá hafi gosið upp eldur og hann hlaupið með hana fram og kastað henni frá sér í átt að útidyrhurðinni en svefnherbergi B sé einnig þar. Hann hafi þá verið á leið inn í eldhús til að ná í meira vatn. Ákærði segir að ef dulan hafi lent á A hafi það verið óviljaverk. Aðspurður um hvar A hafi verið kveðst ákærði hafa einhverja mynd af henni liggja undir glugganum í svefnherbergi B þegar hann hafi verið að reyna að slökkva eldinn. Hún gæti þó hafa verið í dyragættinni á svefnherbergi B. Ákærði kveðst ekki muna eftir að hafa farið þangað inn heldur hafi hún blasað við gegnum opna hurðina. Aðspurður kveður hann þó geta verið að hann hafi opnað hurðina en hann muni ekki eftir því. Hann kveðst ekki muna eftir því að A hafi verið að tala í síma. Ákærði kveðst ekki hafa sinnt A þá enda hafi hann verið að reyna að slökkva eldinn. Ákærði kveðst hafa farið inn í eldhús til að sækja meira vatn í skál og hann hafi leitað að slökkvitæki á meðan hann lét renna í skálina. Þegar hann hafi verið á leið fram hafi honum sýnst maður standa í útidyrnunum. Hann hafi haldið að það væri B en það gæti þó hafa verið A. Þá hafi orðið sprenging svo hann hafi ekki komist lengra og hafi hann farið út bakdyramegin. Ákærði segir að þá hafi mannfjöldi verið saman kominn fram fyrir húsið og hann farið aftur inn bakdyramegin. Hann hafi ætlað inn ganginn en ekki

komist fyrir hita og reyk. Hann hafi þá séð hnífinn í eldhúsinu og gripið hann með sér því honum hafi fundist að lýðurinn fyrir utan myndi ráðist á hann. Hann hafi verið orðinn truflaður af ótta við fólk.

Varðandi þann hluta sakargifta að hafa ekki komið A til hjálpar segir ákærði það hafa verið mistök að reyna að slökkva eldinn fremur en hjálpa henni. Hann hafi þá verið upptekinn af eldinum. Í fyrstu hafi honum ekki virst eldurinn alvarlegur, hann hafi haldið að hann gæti slökkt eldinn með því að kasta teppi eða einhverju slíku á hann. Þegar hann hafi kippt því af hafi eldurinn hins vegar magnast upp. Eftir það hafi hann ekki átt þess kost að komast til A til að bjarga henni nema aðaldyramegin en hann hafi horfið frá því vegna hræðslu við fólk fyrir utan. Aðspurður um af hverju reykskynjarinn hefði þagnað kveðst ákærði hugsanlega hafa slegið hann niður, hljóðið gæti hafa farið í taugarnar á honum. Aðspurður kveðst ákærði hafa verið með síma á sér en ekki minnst þess að hafa hringt eftir aðstoð, enda hafi strax verið komið fólk að húsinu og ekki þörf á því að hringja. Hann kveður minni sitt um atvik nokkuð gloppótt en hann muni atburðarásina í grófum dráttum. Ákærði kveðst hafa gert ýmis mistök þarna en aldrei haft ásetning til að skaða neinn eða valda tjóni. Hann sjái það til dæmis eftir á að hann hefði ekki átt að reyna að slökkva eldinn. Aðspurður kveðst ákærði ekki viss um hvort hann vissi að A hefði orðið fyrir stungu þegar eldurinn kom upp. Hann hafi þó haft á tilfinningunni að hnífurinn hefði rekist í hana þegar hann sá hnífinn blóðugan á gólfinu. Aðspurður kveðst ákærði ekki vita hvar B var þegar hann reyndi að slökkva eldinn.

Ákærði kveðst muna eftir lögreglumönnunum fyrir utan aðalinngang hússins. Hann kveðst ekki muna eftir að hafa verið með hníf en hann hafi baðað út höndum og reynt að segja þeim að A væri inni. Þeir hafi þá líklega bograð yfir A. Ákærði kveðst ekki hafa ætlað að ráðast á lögreglumennina heldur aðeins láta þá vita að A væri inni. Ákærði bendir á að í lögregluskýrslu sé hann sagður hafa haldið hnífnum í vinstri hendi en það passi ekki því hann sé rétthentur. Að auki hafi hann verið slasaður á vinstri hendi.

Ákærði kveðst hafa þekkt A í rúmt ár áður en þetta gerðist. Hún hafi komið til hans frá áðurnefndum G og þau hafi búið saman. Í sambandi þeirra hafi skipst á skin og skúrir. Aðspurður um hvort komið hafi til líkamlegra átaka þeirra í milli kveður ákærði þau ekki frekar hafa verið af sinni hálfu en hennar. Síðan kveðst ákærði ekki kannast við líkamleg átök, önnur en í ákæru greinir, kannski einhverjar hrindingar og slíkt. Aðspurður um hótanir kveður ákærði A oft hafa hótað sér. Hún hafi sérstaklega oft nefnt lögmann sem hétu H, sem væri mikill glæpamaður og myndi sjá til þess að ákærða yrði komið fyrir undir grænni torfu ef hann gerði henni eitthvað. Ákærði kveðst aldrei hafa hótað A lífláti eða neinu slíku.

Ákærði kveðst hafa orðið fyrir miklum persónuleikabreytingum síðasta árið. Í desember 2005 hafi hann til dæmis tryllst að tilefnislausu og brotið allt og bramlað á heimili sínu í Víkingasveitin hafi þá verið kölluð til. Ákærði kveðst vera orðinn háður contalgini, áfengi og ritalíni. Þegar atvikin að ... urðu hafi hann verið búinn að neyta kardimommudropa og taka díazepam en sú blanda fari mjög illa í sig. Hann fái æðisköst og brjóti glös og bolla en segir þess þó engin dæmi að hann ráðist á fólk. Hann reiðist sjálfum sér og eyðileggi það sem honum þyki vænt um.

Aðspurður kveður ákærði I geðlækni hafa komið til hans í fangelsið á Akureyri, einum eða tveimur dögum eftir atburðinn. Læknirinn hafi tekið við hann mjög stutt viðtal, líklega 15-30 mínútur. Hann hafi lagt fyrir hann einhverjar tölur og myndir og svo hafi það verið búíð. Ákærði kveður varla geta verið mark takandi á rannsókninni þar sem hún hafi verið gerð örfáum dögum eftir að hann hafi orðið fyrir slíku áfalli, þ.e. að hafa stungið sambýliskonu sína að honum skildist. Að auki hafi hann verið í fráhvörfum eftir neyslu. Ákærði kveðst eiga erfitt með að meta geðheilbrigði sitt en hann hafi verið orðinn mjög paranoid og fundið fyrir stöðugri vanlíðan. Hann eigi við þunglyndi að stríða og hafi fengið lyf við því sem gagnist þá tímabundið en svo sæki í sama farið. Hann hafi tekið geðlyfin stopult, honum finnist hann flatur þegar hann taki lyfin en þegar hann hætti töku þeirra sæki hann meira í brennivín eða annað til að bægja þunglyndinu frá. Ákærði kveður neyslu sinni að mestu rétt lýst í skýrslu I en þó sé þar heldur dregið úr en hitt. Upp úr tvítugu hafi hann verið mjög illa haldinn en náð sér nokkuð á strik. Síðustu 10-15 árin hafi hann svo algerlega misst tökin á neyslu sinni og síðastliðin sex ár hafi hann verið í nánast daglegri neyslu. Hann hafi farið í fjölda meðferða en enga samfellda meðferð síðan á árinu 2000. Aðspurður kveður ákærði svipað hafa verið ástatt fyrir A að því er neyslu varðar.

Vitnið A kveðst muna atburðarásina illa. Hún kveðst þó muna eftir því að hafa farið inn í eldhús og þá hafi ákærði staðið í miðju eldhúsi, líklega við vaskinn, og verið í mjög annarlegu ástandi. Vitnið kveðst ekki muna hvort hún hafi farið fram fyrir ákærða, hann hafi virst alveg trylltur og hún hafi því snúið við og gengið út úr eldhúsinu. Í því hafi hún fengið hnífinn í bakið. Hún kveðst muna vel eftir því þegar hún fann stunguna, það hafi verið mjög sárt. Aðspurt um hvort vitninu hafi fundist ákærði beita hnífnum af krafti kveðst hún hafa færst undan. Vitnið kveðst hafa einhverja mynd af hnífnum detta á gólfíð í kjölfarið. Hún hafi forðað sér, að hana minnir fyrst inn á baðherbergi en svo inn í svefnherbergi B. Þar hafi hún lokað sig inni og hringt eftir hjálp. Meðan hún hafi verið í símanum hafi ákærði opnað hurðina og komið inn alveg trylltur með logandi pullu og hent á hana. Vitnið kveðst hafa slegið henni frá sér út á gólf en muni svo ekki meira. Vitnið kveðst ekki telja að hún hafi brennst við að slá frá sér pulluna, hún hefði líklega munað eftir því ef hún hefði brennst. Ekki hafi beinlínis verið eldur í pullunni en glæður hafi verið. Vitnið kveðst hafa verið mjög hrædd við ákærða og hrædd um að hann kæmi aftur inn í herbergi til hennar. Vitninu er kynntur framburður ákærða um að hún hafi verið að brjóta ís inni í eldhúsi og hann hafi komið og tekið við af henni. Hún kveður það hafa verið í annað skipti. Vitnið kveðst ekki telja að ákærði hafi stungið hana fyrir slysi þegar hann hafi ætlað að stugga við henni. Þegar hann hafi stungið hana hafi hún snúið við honum baki og verið á leið út úr eldhúsinu, hún hafi ekki átt von á neinu slíku. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa gert sér grein fyrir að kviknað væri í húsinu, hún hafi bara vitað af eldinum í pullunni sem ákærði hafi komið með. Hún hafi líklega ekki gert sér grein fyrir að kviknað var í fyrr en hún hafi reynt að forða sér. Hún kveðst ekki hafa nákvæmar skýringar á brunasárum sínum en ljóst sé að hún hafi verið inni í logandi húsinu. Aðspurður kveðst hún hugsanlega hafa verið með hárlakksbrúsa í töskunni sinni. Hún kveðst ekki hafa orðið vör við sprengingu.

Vitnið kveðst telja að B hafi verið inni í íbúðinni. Hún segir einhvers staðar glitta í minningu um að hún hafi talað við B eftir að hún hafi verið stungin, henni finnist að hún hafi sagt honum að ákærði hefði stungið sig en þó geti verið að hún hafi aðeins sagt það í símann. Hún kveðst ekkert hafa séð af samskiptum ákærða og B.

Vitnið kveðst hafa þekkt ákærða í um ár áður en þetta gerðist. Skin og skúrir hafi skipst á í samskiptum þeirra. Vitnið kveður ákærða yfirleitt vera mjög rólegan en hann geti snöggreiðst og þá hafi hún stundum orðið hrædd við hann. Aðspurt kveðst vitnið stundum hafa verið í óreglu og ástand hennar hafi versnað verulega eftir að hún missti eiginmann sinn árið 2004. Síðasta ár fyrir umræddan atburð hafi verið sérstaklega slæmt. Hún kveðst fyrst og fremst hafa neytt áfengis en hafa verið nýbyrjuð að neyta einhverra lyfja aftur eftir að hafa ekki gert það í nokkurn tíma. Hún kveðst fyrst hafa farið í heila áfengis meðferð 1992 og nokkrum sinnum verið innlögð eftir það. Hún hafi þó ekki lokið heilli meðferð aftur fyrir en eftir þessa atburði. Þegar umrædd atvik urðu hafi ástand þeirra allra, hennar, ákærða og B, verið mjög slæmt, þau hafi verið búin að drekka í nokkra daga.

Vitnið kveðst alls ekki verið búin að jafna sig á afleiðingum þessara atburða, hvorki líkamlega né andlega. Vitnið kveðst hafa farið á FSA umrædda nótt og hafa legið á sjúkrahúsi í um tvo mánuði. Hún kveðst hafa legið á FSA til að byrja með en verið flutt á lýtalækningadeild LSH vegna þess að einhver brunasáranna hafi verið það djúp að þau hafi ekki gróið. Þar hafi sár hennar verið grædd eins og kostur hafi verið en hún beri ljót varanleg ör eftir þetta á enni, öxlum og hálsi. Vitnið kveðst finna til eymsla á öxlum við minnstu hreyfingar og ef eitthvað hvíli á þeim. Hún finni fyrir stöðugum pírringi sem reyni mjög á taugakerfið. Þá kveðst vitnið ekki mega vera með axlirnar berar fyrir sól næstu árin. Vitnið segir að þegar hún hafi loks verið útskrifuð eftir meðhöndlun líkamlegra áverka hafi hún ekki treyst sér út og fengið að leggjast inn á geðdeild FSA. Í kjölfar þess hafi hún farið í meðferð á Vogu sem sé nýlukið. Henni líði betur eftir það en þessi atburðir skjóti sífellt upp kollinum. Hún hugsar um þetta til að reyna að rifja atvik betur upp en það gangi mjög illa og henni líði mjög illa, hún fái hálfgerða köfnunartilfinningu. Vitnið kveðst hafa átt erfitt með svefn eftir þetta.

Vitnið B kveðst hafa setið að drykkju á heimili sínu ásamt ákærða og A. Ekkert sérstakt hafi gerst framan af degi og kveðst vitnið minna að þau hafi farið út einhvern tíma um daginn en komið aftur. Hann viti að hann hafi hringt í lögregluna um klukkan átta um kvöldið og sagt að hann vildi losna við gestina. Vitnið kveðst þó ekki hafa munað eftir því fyrir en eftir á. D, lögreglumaðurinn sem hann hafi talað við, hafi sagt að hann væri einn á stöðinni og hann skyldi hringja aftur ef hann kæmi þeim ekki sjálfur út. Vitnið kveðst telja að hann hafi farið að sofa uppúr klukkan níu eða hálf tíu. Hann hafi þá verið drukkinn og líklega tekið svefntöflu. Hann muni svo nánast ekkert eftir sér fyrir en hann hafi verið að skríða út úr húsinu. Úti hafi hann komið sér á lappir og gengið að næsta húsi. Þar hafi hann bankað, nágrannar hans hafi komið til dyra og hann hafi beðið þau að hringja á lögregluna. Vitnið kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir sársauka en hann hafi verið alblóðugur og þau hafi látið hann fá hreinan bol.

Aðspurt kveðst vitnið ekki muna eftir því þegar hann vaknaði en kveðst telja að A hafi vakið hann. Vitnið kveðst ekki muna eftir því þegar hann fór út úr herberginu. Undir vitnið eru borin ummæli í lögregluskýrslu þess efnis að hann hafi hitt ákærða á ganginum þegar hann hafi komið út úr herberginu og þar hafi ákærði stungið hann í síðuna. Hann hafi dottið og skriðið út úr húsinu. Aðspurður kveður hann hugsanlegt að hann hafi ályktað að ákærði hefði stungið hann á ganginum því annað hafi ekki komið til greina, hann muni atvik þó enn óljósar núna en fyrst á eftir. Hann muni þó skýrt eftir sér skríða út. Hann kveðst ekki muna eftir að hafa séð ákærða eða A eftir að hann vaknaði og ekki heldur eftir því að hafa verið stunginn. Vitnið kveðst ekki geta útilokað að hann hafi verið stunginn í eldhúsinu en neitar að hafa ráðist á ákærða. Aðspurt kveðst vitnið telja að það hafi verið kviknað í þegar hann fór út, honum finnst hann hafa orðið var við reyk en kveðst ekki geta fullyrt það. Við fyrstu yfirheyrslur lögreglu hafi honum fundist hann muna eftir reyk en hann sé ekki fyllilega viss um það nú. Hann hafi líklega skriðið út annað hvort vegna þess að hann hafi fallið við stunguna eða þetta hafi verið viðbrögð við reyk.

Aðspurt kveðst vitnið hafa átt fjólublátt handklæði og kveður það hafa hangið við vaskinn á baðherberginu.

Vitnið kveður ákærða og A hafa verið eitthvað að kýta á heimili hans. Aðspurt um framburð vitnisins hjá lögreglu, þess efnis að ákærði hafi sagt A að vera ekki að rífa kjaft því þá myndi hann ljúka því sem hann hafi ekki lokið við í sumar og að vitnið hafi skilið það svo að hann væri að ræða tilvikið þegar hann hellti á hana bensíninu kveður vitnið þetta geta passað.

Vitnið kveðst vera búið að jafna sig líkamlega eftir árásina. Hann hafi átt við þunglyndi að stríða í kjölfarið og leitað sér hjálpar án árangurs. Vitnið kveðst áður hafa fengið þunglyndisköst en ekki verið þunglyndur varanlega eins og nú.

Vitnið J kveður A hafa leitað til sín og beðið sig að hringja á lögregluna því hann hefði verið stunginn. Vitnið hafi hringt á Neyðarlínuna og ekki hafi liðið langur tími þar til allt var komið á fullt. Aðspurt kveður vitnið hafa sést að B hafi verið búinn að drekka en hann hafi staðið í lappirnar. Honum hafi verið mjög brugðið og endurtekið margsinnis að það þyrfti að „koma þessu fólki út úr húsinu“. Blætt hafi úr honum og vitnið kveðst hafa látið hann skipta um bol. Þegar lögregla hafi opnað hús B kveðst vitnið hafa séð reyk út úr húsinu. Henni hafi krossbrugðið og kallað á manninn sinn. B hafi ekkert minnst á að kviknað væri í. Vitnið kveðst ekki hafa vitað hverjir voru í húsinu og B hafi ekki talað um hver hefði stungið hann.

Vitnið K kveðst hafa hitt ákærða á veitingastaðnum Gamla Bauk föstudagskvöldið fyrir umrædda atburði. Þar hafi ákærði verið ásamt B og konu, sem vitnið viti ekki hvað heiti. Hann kveðst hafa reynt að tala við ákærða en ekki skilið eitt einasta orð af því sem hann sagði því hann hefði verið svo ölvaður. Vitnið kveðst hafa farið heim til B síðar um kvöldið en heldur ekkert hafa rætt við ákærða þar. Ákærði hafi bara setið þar, konan hafi svo komið ásamt L og þau hafi eitthvað verið að kýta um

vodkaflösku, hvort þau eða B ættu hana. B hafi svo beðið vitnið að geyma fyrir sig flöskuna. Aðspurt kveður vitnið ákærða á einhverjum tímapunkti hafa komið með hníf í hendi, hallað sér yfir borðið hjá þeim og sagt eitthvað. Hann hafi ekki tekið því sem hótun við sig þó hann hafi hugsanlega verið að rífast eitthvað út af vodkaflöskunni. Vitnið kveðst hafa gripið um hendur ákærða og kallað á viðstadda sem hafi komið og tekið af honum hnífinn. Ákærði hafi ekki hafa verið með neinn æsing, hann hafi bara verið rólegur.

Vitnið M kveður A hafa hringt í sig umrætt kvöld, hún hafi þá sagst vera stödd á Húsavík. Vitnið kveðst ekki muna klukkan hvað það var en hann hafi séð frétt um atburðina á textavarpinu um einum og hálfum eða tveimur tímum síðar. A hafi greinilega verið hrædd þegar hún hringdi. Hún hafi sagst liggja upp í rúmi til að þykjast vera sofandi, hún hafi talað í hálfgerðum gátum og beðið vitnið að sækja sig. Hún hafi svo gengið fram til ákærða til að ná í sígarettupakka og hafi svo gefið frá sér hljóð eins og hún hefði verið kýld í magann eða eitthvað slíkt. Hún hafi svo kallað: „Láttu mig vera, láttu mig vera“ og kallað á einhvern. A hafi kallað á mann með nafni en vitnið kveðst ekki muna hvert nafnið var. Vitnið kveður A hafa sagt sér frá því áður að lögreglan hafi einu sinni bjargað lífi hennar. Ákærði hafi þá verið búinn að hella yfir hana bensíni en vantað eldspýtur. Vitnið hafi þá beðið hana að fara ekki norður til hans heldur bara viljað fara með henni að sækja dótið hennar. Annar kunningi þeirra hafi verið búinn að segja að þetta væri stórhættulegur maður.

Vitnið D yfirlögregluþjónn kveðst hafa verið nýkominn heim til sín þegar C, sem einnig hafi verið á vakt hafi tekið við útkalli Neyðarlínu. C hafi þá sótt vitnið og þeir farið saman að Þangað hafi þeir verið komnir um 3-5 mínútum eftir að útkallið barst. Á vettvangi kveðst vitnið fyrst hafa ætlað að ræða við fólk sem var úti á tröppum næsta húss, B hafi verið þangað kominn. Þegar hann hafi verið rétt kominn til þeirra hafi C kallað að eldur væri laus í húsi B. Vitnið kveðst hafa séð að það var farið að rjúka út um stofuglugga og flýtt sér til C. Á leið að húsinu hafi hann séð eld í stofugardínunum og að eldur væri mikill og vaxandi í stofunni. Vitnið kveðst hafa haft grun um að fólk væri inni í húsinu, þeir hafi vitað að ákærði og A hefðu verið hjá B. Vitnið kveðst því hafa opnað útidyrnar, þær hafi þá opnast greiðlega. Í forstofunni hafi verið mikill reykur en ekki laus eldur. Þeir hafi kallað inn en ekkert svar fengið. Vitnið kveðst einnig hafa reynt að horfa inn en engan séð. Hurðin hafi svo skellst aftur og þegar hann hafi reynt að opna hafi verið einhver fyrirstaða innan við hana. Þeim hafi þó tekist að opna og kveðst vitnið hafa reynt að skríða inn. Hann hafi fundið fyrir hönd A og dregið hana út úr húsinu. Þeir hafi borið hana út úr mesta reykjarkófinu og skynjað það að eldur og reykur jókst mjög í húsinu á þessum tíma. Þeir hafi lagt A til á gangstétt, hún hafi í fyrstu ekki svarað köllum þeirra en svo fljótt fengið meðvitund án lífgunartilrauna. Þar sem þeir hafi verið að stumra yfir A kveðst vitnið hafa orðið vart við hreyfingu skáhallt út undan sér. Hann hafi litið upp og séð ákærða þar. Ákærði hafi staðið þar á grasbala, á ská austan við þá, með hníf í hendi, hálfuppreiddan, þannig að hnífblaðið stóð niður. Fyrstu viðbrögð sín hafi verið að stökkva á ákærða áður en hann myndi skaða þá. Vitnið kveðst hafa snúið ákærða niður og fært hann í handjárn. Vitnið kveður sig minna að ákærði hafi haldið á hnífnum í hægri hendi

en kveðst ekki vera viss um það. Þegar hann hafi sett hendur ákærða aftur fyrir bak hafi hann hugsað um að passa sig á hnífnum en svo séð að ákærði var ekki lengur með hann. Á eftir hafi hnífurinn svo fundist í grasinu. Aðspurt um lýsingu í skýrslu vitnisins, þess efnis að ákærði hafi komið gangandi í átt að lögreglumönnunum, kveðst vitnið hafa skynjað hann koma að þeim. Vitnið segir það rétt að ákærði hafi ekki veitt mótspyrnu við handtökuna. Aðspurt kveður vitnið það hafa legið fyrir að tveir einstaklingar hefðu verið stungnir og sér hafi því ekki litist á blikuna þegar ákærði hafi komið með hnífinn reiddan. Hann geti engu svarað um ásetning ákærða en hann hafi verið í annarlegu andlegu ástandi. Vitnið kveður ákærða lítið sem ekkert hafa talað við þá nema hann hafi spurt hvort A væri á lífi, hann hafi átt erfitt um mál vegna ölvunar. Aðspurt um hvort spurning ákærða hafi virst spretta af ótta um líf A kveðst vitnið ekkert frekar hafa upplifað það þannig.

Aðspurt kveðst vitnið hafa svarað símtali B fyrir um kvöldið, líklega um klukkan átta. Hann hafi þá sagst vera orðinn þreyttur á gestum sínum og að hann vildi fara að losna við þá. Hann hafi þó ekki lýst neinu sem kallaði á handtöku eða neitt slíkt heyrst enda hafi hann ekki beinlínis óskað eftir því að lögregla fjarlægði þau. Vitnið kveðst hafa sagt honum að hringja aftur ef þau færu ekki af fúsum og frjálsum vilja.

Vitnið C varðstjóri kveðst hafa skroppið heim til sín í kvöldmat. Hann hafi verið einn á vaktinni en með D í bakhöndinni. Útkall hafi borist frá fjarskiptamiðstöð lögreglunnar. Einhverjar tilkynningar hafi verið búnar að berast frá sama húsi en aðeins vegna smámuna. Þeir hafi þó farið á staðinn með hraði þar sem tilkynnt hafi verið um hnífstungu. Vitnið kveðst hafa náð í D á leiðinni og þeir hafi verið komnir á vettvang 5-7 mínútum eftir að útkallið barst. Þar hafi verið kallað til þeirra frá næsta húsi þar sem B var staddur. D hafi hlaupið þangað en vitnið að ... 15. Vitnið kveðst hafa farið að stofuglugganum vegna þess hve skrytinn bjarmi hafi verið þar inni. Hann hafi þá heyrt snark í eldi og séð að stofan var orðin nær alelda. Vitnið kveðst þá hafa kallað á D. Þeir hafi í sameiningu opnað dyrnar og kallað inn en ekkert svar fengið. Vitnið kveðst þá hafa hlaupið að lögreglubílnum og kallað á slökkvilið. Hann og D hafi svo í sameiningu reynt að komast inn í anddyrið og kallað inn. Á einhverjum tímamarki hafi hurðin skellst aftur og rúðan sprungið og þeir hafi þá heyrt einhvern umgang inni. Þegar þeir hafi ætlað að opna á ný hafi verið fyrirstaða fyrir hurðinni. Þeim hafi þó tekist að opna og kallað inn en átt erfitt með að komast inn vegna reyks og hita. Á meðan hafi ákærði komið að og eitthvað verið að tauta en vitnið kveðst ekki muna hvað hann sagði enda verið að hugsa um annað. Vitnið kveðst hafa rífið trefilinn af ákærða til að binda fyrir munn sinn og nef til að komast inn í húsið en um svipað leyti hafi D tekist að skriða inn fyrir dyrnar og draga A út. Hún hafi legið innan við dyrnar og verið sú fyrirstaða sem þeir fundu fyrir innan við dyrnar. Þeir hafi dregið A út á stétt. Hún hafi verið meðvitundarlaus, lítið klædd, öll þvöl og sótsvört. Þeir hafi strax orðið varir við blæðandi sár á baki hennar en ekki hafi blætt mikið úr því. Þeir hafi reynt að leggja hana í læsta hliðarlegu, kallað til hennar og klipið eyrnasnepilinn. Eftir litla stund hafi farið að hrygla eitthvað í henni. D hafi svo staðið upp en vitnið kveðst hafa haldið áfram að huga að líðan A. Vitnið kveðst þó hafa séð út undan sér að D sneri ákærða niður og kveðst vitnið hafa rétt D handjárn sín. Þeir hafi svo dregið ákærða handjárnnaðan aðeins frá húsinu og vafið hann inn í teppi. Þegar

sjúkraflutningamenn hafi verið búnir að taka við A hafi D farið að leita að einhverju í grasinu og sagt vitninu að ákærði hefði verið með hníf reiddan á lofti eins og hann hygðist stinga þá. Þeir hafi fundið blóðugan hnífinn í grasinu þar sem ákærði var handtekinn. Vitnið kveðst ekki hafa séð ákærða með hníf. Vitnið kveður ákærða hafa komið ráfandi fram fyrir húsið, það hafi líklega verið þegar vitnið fór að hringja á slökkviliðið. Vitnið kveðst ekki vita hvort ákærði hafi gengið í burtu áður en hann kom svo að þeim með hnífinn, hann hafi ekki fylgst með honum heldur einbeitt sér að því að ná mönnum út úr húsinu ef einhverjir væru. Vitnið kveðst mikið vera búinn að reyna að rifja upp hvað ákærði hafi sagt, í fyrra skiptið sem hann var þarna, án árangurs. Ákærði hafi verið mjög ölvaður og þvoglumæltur. Vitnið segir að mjög mikill reykur og eldur hafi verið í húsinu þegar þeir voru að ná A út. Mikill hiti hafi verið í forstofunni og eldtungur hafi teygt sig úr stofunni fram í forstofu með loftinu. Eldurinn hafi breiðst hratt út og fljótlega eftir að þeir hafi opnað útidyrnar hafi rúðurnar í stofugluggunum sprungið út. Þá hafi A ennþá verið inni í húsinu. Aðspurt kveður vitnið A hafa verið algerlega bjargarlaus inni í brennandi húsinu og kveðst þess fullviss að hún hefði brunnið inni hefðu þeir ekki komið á þessum tíma.

Eftir að sjúkraflutningamenn höfðu tekið við A og þeir D fundið hnífinn kveðst vitnið hafa farið að ræða við B. Hann hafi verið berfættur, í gallabuxum og bol og blóð hafi lekið úr síðu hans. Konan sem bjó í húsinu hafi verið búin að fá B til að skipta um bol og hafi afhent lögreglu bol B. Vitnið kveðst minna að B hafi ekki verið viss um hvernig hann hlaut sárið. Önnur sjúkrabifreið hafi svo komið og tekið við B og þeir D þá farið í það að færa ákærða á lögreglustöðina.

Vitnið kveðst ítrekað hafa haft afskipti af ákærða. Hann hafi þekkt til hans líklega síðan 1995. Hegðunarmynstur ákærða hafi breyst töluvert á þessum tíma og þeir hafi velt því töluvert fyrir sér við rannsókn málsins. Áður hafi hann tekið svona drykkjutúra en bráð hafi af honum á milli. Vitnið kveðst hins vegar hafa heyrt að hegðun ákærða hefði breyst til hins verra og hann hafi verið farinn að taka einhvers konar æðisköst.

Vitnið N læknir kveðst hafa litið á A daginn eftir að hún var lögð inn á FSA þar sem hún lá á gjörgæsludeild vegna gruns um reykeitrún. Vitnið kveðst svo hafa tekið við meðhöndlun hennar tveimur dögum síðar, hún hafi þá verið lögð á handlækningadeild. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa komið að meðhöndlun stungusárs hennar og hafi hann lýsingu á því eftir öðrum lækni, líklega O. Aðstoðarlæknir hafi tekið á móti henni á slysideild en vitnið kveðst ekki vita hver það var. Vitnið kveðst aðallega hafa meðhöndlað brunasár A. Hún hafi verið með talsvert mikil brunasár á andliti, hálsi, herðablöðum og hægri upphandlegg. Hún hafi einnig kvartað um verki í vinstri brjóstakassa eftir stungusárið og fengið verkjalyf við þeim. Vitnið kveður A hafa legið á handlækningadeild í um viku en þá hafi vitnið talið að sum brunasáranna væru það slæm að hún þyrfti að komast til lýtalæknis. Vitnið kveðst ekki þekkja framhaldið hjá A en meðhöndlun slíkra sára geti tekið langan tíma. Ef um sé að ræða 3. stigs bruna þurfi að flytja húð og þá geti þurft margar aðgerðir. Húðin verði aldrei eðlileg aftur, menn beri sjáanleg ör sem ekki hverfi og það geti haft afleiðingar á andlega líðan. Vitnið segir að miðað við lýsingu slysideildarlæknis um sót á A, jafnvel á tungu hennar hljóti sárin að hafa myndast af eldi. Þá séu sárin þannig staðsett að ólíklegt sé að heitt vatn geti valdið þeim, það hefði líklega runnið niður og skaðað líkamann víðar. Aðspurt kveðst vitnið ekki getað sagt til um það hvort sár A hafi komið vegna hitans í

Íbúðinni eða af því að logandi hlutur hafi legið á líkama hennar. Vitnið kveður þó líklegt að brunni hafi komið í fót A því bruninn hafi verið misdjúpur. Aðspurt kveður vitnið átt við breidd skurðarins þar sem talað sé um 2 cm skurð í skýrslu vitnisins. Á þeim stað sem skurðurinn var hafi ekki þurft að kanna dýpt skurðarins þar sem tölvusneiðmynd hafi sýnt lítilsháttar loft í brjóstholi. Sárið hafi samkvæmt því náð inn að lunga. Myndin hafi þó ekki sýnt hvort lungað var skaddað eða ekki þannig að ekki sé hægt að segja til um hvort loftið hafi lekið úr lunganu eða komið utan að. Skaði á lunga hefði ekki sést á mynd. Aðspurt kveður vitnið hægt að mæla þykkt viðkomandi sjúklings til að segja til um dýpt sársins. Umbeðið lítur vitnið á A í dómsalnum og segir að á grannri konu eins og henni sé líklegt að sárið hafi verið um 3-4 cm djúpt. Aðspurt um hvort slík stunga hefði getað valdið dauða kveður vitnið erfitt að segja til um það því hann viti ekki um stefnu vopnsins. Smá loft í brjóstholi, eins og hér hafi verið um að ræða, sé ekki hættulegt í sjálfu sér. Sárið hafi þó náð inn að flyðruholi og hefði því getað skaddað lunga eða hjarta. Hjartastunga sé mjög hættuleg og geti leitt til dauða, um 2 cm til viðbótar geti verið inn að hjartanu. Lungnaskaði geti verið hættulegur sé hann ekki fljótlega meðhöndlaður á réttan hátt. Vitnið kveðst ekki geta svarað því hve mikið afl hafi þurft til að veita slíka stungu, það velti á því áhaldi sem beitt sé. Ef stungið sé mitt á milli rifbeina, eins og hljóti að hafa verið í þessu tilviki, sé ekki mikil fyrirstaða. Aðspurt kveður vitnið meðvitundarlausu manneskju í brennandi húsi ekki komast aftur til meðvitundar af sjálfsdáðum.

Vitnið P lýtalæknir kveður A hafa verið lagða inn á lýtalækningadeild Landspítalans þann 19. nóvember 2006. Hún hafi verið flutt þangað af FSA vegna brunasára sem ekki greru. Hún hafi gengist undir aðgerð þar sem húð var grædd á tvö brunasár, aftanvert á hægri öxl og yfir herðablaði. A hafi útskrifast af lýtalækningadeildinni 14. desember 2006. Sár hennar hafi þá verið gróin en hún beri ummerki eftir brunann og ágræðslu húðar. Þau verði alltaf sýnileg en ættu að öðru leyti ekki að verða henni til ama í framtíðinni. Hugsanlegt sé þó að hún gæti haft af þeim óþægindi og tilfinning húðarinnar verði alltaf frábrugðin því sem eðlilegt sé. Þá muni A alla tíð þurfa að vernda brenndu húðsvæðin sérstaklega fyrir sól. Aðspurt kveður vitnið það vel þekkt að slíkir áverkar hafi áhrif á andlega heilsu fólks, en A hafi þó ekki sýnileg ör í andliti. Um geti verið að ræða vanlíðan, óþægindi og kvíða í umgengni við annað fólk sem í tilviki A gætu sérstaklega átt við í sundi og slíku. Aðspurt kveðst vitnið ekki geta séð af sárunum hvernig þau hafa myndast.

Vitnið Q læknir kveðst hafa verið á bakvakt umrætt kvöld og verið kallaður út til að sinna B, sem hafði hlotið stungusár á hægri síðu. Um hafi verið að ræða 4 cm stungusár rétt neðan við neðsta, hægra rif. Sárið hafi verið um 3 cm djúpt, aðeins á ská. Sárið hafi verið hættulegt að því leyti að það hafi verið mjög nærri lunga en við rannsóknir hafi komið í ljós að það snerti þó ekki lungað. Þá hafi sárið einnig verið nærri hægra nýra sem hafði þó ekki skaðast. Skaði á nýra hefði getað valdi blæðingu og því að hann hefði verið lengur að jafna sig. Sárið hafi ekki heldur náð inn í kviðarhol heldur hafi aðeins verið í vöðvum og mjúkvefjum. Stungan hefði því getað haft hættu í för með sér en sárið hafi ekki reynst hættulegt. Vitnið leiðréttir sig og kveður sárið hafa verið á vinstri síðu en það breyti ekki lýsingu á

nálægð við lunga og nýra. Vitnið kveður B hafa verið í mjög annarlegu ástandi þetta kvöld og því sé mögulegt að hann hafi verið mjög dofinn og lítið fundið fyrir stungunni. Aðspurt um hvort mikið afl þurfi til að stinga mann á þennan hátt kveður vitnið það fara eftir vopninu sem notað sé. Þetta hafi verið hreinskorinn skurður sem bendi til þess að um beitt vopn hafi verið að ræða. Því hafi líklega ekki þurft mikið afl til. Ekki sé útilokað að slíkt sár geti stafað af því að hnífur rekist í mann en þá hefði viðkomandi þurft að rekast þannig í manninn að hnífurinn gengi beint inn svo það sé frekar langsótt skýring.

Vitnið kveður B hafa verið lagðan inn til meðferðar og kveðst telja að hann muni ná sér að fullu þar sem nefnd líffæri sködduðust ekki.

Vitnið R læknir kveðst hafa starfað sem unglæknir á bráðamóttöku FSA umrædda nótt. Tilkynning hafi borist um atburðina á Húsavík svo starfsfólkið hafi vitað nokkurn veginn hvað var í vændum. Við komu hafi lífsmörk A verið stöðug. Hún hafi verið með greinileg brunasár í andliti, hægra megin á hálsi og beggja vegna á herðum, sót í nefi og munni og augnhár og nefhár hafi verið sviðin. Hún hafi verið með ertingu við öndun og fengið berkjuvíkkandi lyf. Á líkama hennar hafi verið sót en sjúkraflutningamenn hafi verið búnir að hlúa að henni og leggja blaut stykki á líkama hennar. A hafi að auki verið með stungusár aftan á brjóstkassa vinstra megin, neðan við 7. rif og marbletti víðsvegar um líkamann, á höndum, kvið og brjóstkassa. Einnig hafi hún verið með markúlu vinstra megin á enni. Á kvið og höndum hafi verið um að ræða gamla áverka en kúlan á enninu hafi verið nýtilkomin. Aðspurt kveður vitnið stungusár á brjóstkassa til að byrja með meðhöndluð sem alvarlegur áverki. Sárið hafi verið 2 cm breitt og hann hafi stungið pinna í sárið og ljóst hafi verið að það náði inn í brjóstholið. Hann hafi ekki mælt dýpt sársins, hann hafi ekki stungið pinnan nema um 2 cm inn í sárið og það gæti hafa verið dýpra. Við myndatöku síðar hafi komið í ljós lítilsháttar loft í brjóstholinu. Lungað hafi þó ekki fallið saman og engin merki verið um blóð í brjóstkassanum. Sárið hafi verið í stefnu að hjarta, séð aftan frá. Aðspurt um hvort mikið afl þurfi til að reka hníf í mann með þessum hætti kveður vitnið ekki mikla fyrirstöðu þarna ef hnífurinn lendir milli rifbeina og það fari eftir hversu beitt áhaldið er hve mikið afl þurfi. Aðspurt kveðst vitnið ekki muna eftir brunasárum á fótum eða iljum A, ef hann hefði tekið eftir því hefði það líklega komið fram í skýrslu.

Niðurstaða.

Í 3. lið ákærunnar er ákærða gefin að sök tilraun til manndráps með því að hafa veist að A og stungið hana með hnífi með þeim afleiðingum að hún hlaut tveggja cm langt stungusár aftan á brjóstkassa vinstra megin neðan við vinstra herðablað.

Fyrir dóminum neitar ákærði sök. Hann kveður þó hugsanlegt að hann hafi rekið hnífinn í A þegar hann ætlaði að ýta henni eitthvað og verið með hnífinn í hendinni. Þegar hann hafi verið að taka hnífinn blóðugan upp af gólfinu hafi hann hugsað að hnífurinn hefði kannski rekist í A og haft óljósa hugmynd um að hann hefði gert henni eitthvað óviljandi. Við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 15. nóvember

kvað ákærði hafa verið um brjálsemi að ræða. Kvaðst hann hafa reitt til höggs með hnífnum og talið sig hafa hitt A í öxlina. Hann hafi í raun ekkert vitað hvar hnífurinn myndi hæfa A eða hverjar afleiðingarnar yrðu, hann hafi jafnvel ekki munað að hann væri með hníf fyrir en hann hafi séð afleiðingarnar. Hann neitaði að hafa haft ásetning til að bana henni.

Vitnið A kveðst hafa komið inn í eldhús og séð ákærða þar alveg trylltan og því snúið við. Í því hafi hún fengið hnífinn í bakið. Hún kveðst ekki telja að hann hafi stungið sig fyrir slysi, hún hafi snúið við honum baki og verið á leið út úr eldhúsinu þegar hann hafi stungið hana. Í samtali við starfsmann neyðarlínu skýrði A frá því að hún hefði verið stungin í bakið og sagði aðspurð að ákærði hefði gert það. Við yfirheyrslur lögreglu þann 6. nóvember 2006 kvaðst A hafa staðið hjá ákærða og verið að þrefa við hann. Hún hafi ætlað að ganga í burtu en þá hafi ákærði stungið hana í bakið. Kvað hún mikinn ásetning hafa verið í atlögu ákærða, hann hafi reitt henni þungt högg. Við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 15. nóvember kvaðst vitnið ekki muna eftir neinum sérstökum samskiptum við ákærða í eldhúsinu, hún hafi bara farið fram í eldhús og til baka aftur og þá fengið hnífinn í bakið. Hún hafi hugsanlega verið með síma sinn í höndunum og verið að sækja eitthvað í eldhúsið. Hún gæti líka hafa verið að tala í símann en það hafi almennt farið mjög í taugarnar á ákærða þegar hún talaði í símann. Vitnið M kveður A hafi hringt í sig um kvöldið og hafi hún þá verið mjög hrædd og legið uppi í rúmi. Hún hafi farið fram til að ná sér í sígarettur og allt í einu gefið frá sér hljóð eins hún væri kýld í magann. Hún hafi svo hrópað: „Láttu mig vera, láttu mig vera“ og kallað á einhvern mann.

Hnífur sá sem tekinn var af ákærða er stálhnífur með svörtu gúmmígrípi í skefti, 20,5 cm að lengd. Bláðið er 10,0 cm að lengd og 2,1 cm á breidd þar sem það er breiðast, með bjúgbakka og ávalri egg. Samkvæmt vottorði og framburði vitnisins N lækni var um að ræða stungusár aftan á vinstri brjóstakassa rétt neðan við vinstra herðablað eða í hjartastað aftan frá. Kveður hann tölvusneiðmynd hafi sýnt að sárið náði inn í brjósthol í nánd við hjarta og lungu. Dýpt sársins hafi ekki verið mæld en vitnið kveðst telja það hafa verið um 3-4 cm djúpt. Vitnið R læknir kveðst hafa mælt að það væri að minnsta kosti 2 cm. Bera bæði vitnin að það fari eftir því áhaldi sem beitt sé hvort mikið afl þurfi til að stinga mann svona. Ekki sé mikil fyrirstaða ef farið sé inn á milli rifja.

Þegar litið er til þess að um er að ræða stungusár á baki A þykir framburður ákærða um að hann hafi óvart rekið hnífinn í hana ótrúverðugur. Ákærði viðurkenndi fyrir lögreglu, að viðstöddum verjanda, að hafa stungið A og lýsti því í eitt skipti þannig að hann hefði reitt til höggs með hnífnum.

Að framangreindu virtu heildstætt þykir ekki ástæða til að efast um að ákærði hafi stungið A með hnífi og með því veitt henni þann áverka sem í ákæru greinir.

Ekki eru aðrir til frásagnar um atvikið en ákærði og A. Fram er komið að þau voru bæði mjög drukkin og er frásögn þeirra af atburðinum mjög óljós og ruglingsleg. Að virtum framburði þeirra og með vísan til annarra gagna svo sem áverki sá er A hlaut reyndist ekki hættulegur, þykir varhugavert að telja sannað að ákærði hafi á verknaðarstund haft ásetning til að bana A eða hlotið að vera ljóst að bani kynni að hljóttast af atlögunni. Hins vegar þykir, m.a. með framburði A og ákomustað stungunnar, nægjanlega sannað að ákærði hafi af ásetningi stungið hnífnum í bak A.

Varðar verknaður ákærða samkvæmt framanskráðu við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í 4. lið ákærunnar er ákærða gefin að sök tilraun til manndraps með því að hafa veist að B þar sem B var á leið út úr húsinu og stungið hann með hnífi með þeim afleiðingum að hann hlaut fjögurra cm langt og þriggja cm djúpt stungusár á vinstri síðu rétt neðan við XII. rifbein.

Ákærði ber að þegar hann hafi verið að taka upp hnífinn af eldhúsgólfinu hafi B komið og rífið í öxl hans og spurt hvað gengi eiginlega á. Þeir hafi eitthvað tekist á en B svo farið. B kunni að hafa orðið fyrir stungu í átökunum. Hann hafi þó enga hugmynd haft um meiðsl B fyrir en síðar er hann heyrði lögreglu tala um það fyrir utan fangaklefa hans. Vitnið B kveðst hér fyrir dómi ekkert muna eftir atvikum fyrir en hann var að skríða út úr húsinu. Fyrir lögreglu skýrði B svo frá að hann hefði hitt ákærða í ganginum þegar hann hefði komið út úr herbergi sínu og þar hefði ákærði stungið sig. Hér fyrir dómnum kveður B hugsamlegt að hann hefði ályktað svo er framangreint var borið undir hann. Hann kveður þó ekki útilokað að hann hafi verið stunginn í eldhúsinu. Vitnið Q, lækni ber að líklega hafi ekki þurft mikið afl til að valda áverka þeim er reyndist vera á B og að ekki sé útilokað að slíkt sár geti stafað af því að hnífur hefði rekist í hann þótt það kunni að vera langsótt. Ekki eru aðrir til frásagnar en ákærði og B um atburðinn. Vitnið J kveður B ekki hafa getið þess hver hefði stungið hann er hann kom á heimili hennar. Vitnið C kvað sig minna að á vettvangi hefði ákærði ekki vitað hver hefði stungið hann.

Samkvæmt áðurgreindum niðurstöðum rannsóknar Rettsmedisins intstitutt í Osló var blóð, sem að líkindum kom úr B, á peysu ákærða og hnífnum sem hann var með þegar hann var handtekinn.

Að framanskráðu virtu þykir ekki varhugavert að telja sannað að áverka þann er reyndist vera á B megi rekja til þess að hnífur sá sem ákærði hafði undir höndum hafi með einhverjum hætti stungist í hann.

Af gögnum málsins er ljóst að ákærði og B voru báðir mjög drukknir er atburðurinn varð en eins og að framan er rakið eru þar einir til frásagnar af honum. Hefur hvorugur þeirra getað greint frá atvikum þannig að unnt sé af frásögnum þeirra að leggja mat á það með hvaða hætti hnífur ákærða stakst í B. Enn síður er ljóst hvaða hvatir lágu til verknaðarins af hálfu ákærða. Af gögnum málsins virðist mega ráða að atburður þessi hafi orðið eftir að ákærði hafði stungið A en þá var ákærði „alveg trylltur“ að sögn hennar. Þykja atvik öll vera með þeim hætti að líklegt sé að ákærði hafi í þessum „tryllingi“ stungið B. Ekki er þó hægt að útiloka að átök hafi orðið milli þeirra svo sem ákærði kveður sig ráma í að hafi orðið er B hafi komið að honum og rífið í öxl hans og hnífurinn hafi með einhverjum hætti rekist í B í þeim átökum að óvilja ákærða. Er því ekki hægt að útiloka að B hafi sjálfur átt sök á hvernig fór. Þykir að öllu framangreindu virtu varhugavert að telja brot ákærða samkvæmt þessum lið sannað, sbr. 45. gr. laga nr. 19/1991 og verður hann því sýknaður af því.

Í 5. lið ákærunnar er ákærða gefin að sök líkamsárás með því að hafa, eftir að eldur kom upp í húsinu, kastað logandi efni; púða, handklæði eða dúk, í A með þeim afleiðingum að hún hlaut I.-III. stigs bruna á báðum öxlum, á hálsi, enni, hnakka, herðum og hægri upphandlegg, samanlagt á um 5 til 7% af yfirborði líkamans.

Ákærði kveðst hafa breitt einhverja dulu yfir eld á stofugólfinu fyrir framan sjónvarpið. Þegar hann hafi talið eldinn slokknadán hafi hann lyft dulunni upp aftur en þá hafi gosið upp eldur og hann hlaupið með duluna fram og kastað henni frá sér í átt að útidyráhurðinni sem sé við svefnherbergi B. Hafi dulan lent á A sé um óviljaverk að ræða. Ákærði kveðst hafa óljósa mynd af A, annað hvort liggjandi undir glugganum í herbergi B eða í dyragætt herbergisins. Vitnið A kveðst hafa farið inn í svefnherbergi B til að hringja eftir aðstoð eftir að ákærði hafði stungið hana. Á meðan hún hafi verið í símanum hafi ákærði opnað hurðina og komið inn alveg trylltur með logandi pullu og hent á hana. Hún hafi slegið hana frá sér út á gólf en muni svo ekki meira. Hún kvaðst ekki telja að hún hefði brennst við þetta og kvaðst telja að hún hefði munað eftir því ef hún hefði brennst þá. Í pullunni hafi aðeins verið glæður en ekki eldur og kvaðst hún telja að ekki hafi kviknað eldur út frá þessu á gólfinu.

Fram er komið að A lá meðvitundarlaus inni í brennandi húsinu og bera vitnin D og C að þar hafi hiti verið mjög mikill og eldtungur teygt sig úr stofunni fram í forstofuna þar sem A lá.

Að framangreindu virtu þykir ekki fram komin sönnun þess að ákærði hafi með athæfi sínu valdið þeim brunaáverkum á A, sem lýst er í þessum lið ákærunnar, sbr. 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

Í 6. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök brot gegn líkama og lífi með því að hafa látið fyrir farast að kalla eftir aðstoð eða reyna að koma A út úr brennandi húsinu.

Ákærði kveðst hafa gert þau mistök að hafa fremur reynt að slökkva eldinn en hjálpa A. Til að byrja með hafi hann talið sig geta slökkt eldinn. Eftir að honum hafi orðið ljóst að hann gæti það ekki hafi hann ekki átt þess kost að komast til A nema aðaldyramegin en hann hafi horfið frá því vegna fólks fyrir utan húsið. Ákærði kvaðst hafa einhverja mynd að A eftir að eldur var kominn upp, hún hafi legið á gólfinu í herbergi B eða staðið í dyragættinni en hann hafi ekki sinnt henni þá enda verið upptekinn við að slökkva eldinn.

Í upptöku af símtali A við starfsmann neyðarlínu heyrir þegar reykskynjarahljóð byrjar og stuttu síðar má heyra ákærða segja að kviknað sé í. A er áfram í sambandi við neyðarlínuna og nokkru síðar heyrir ákærði segja eitthvað í bakgrunni. A segir svo að hann sé að kveikja í húsinu.

Ákærði kveðst hafa reynt að segja lögreglumönnum að A væri inni í húsinu. Vitnið C ber að ákærði hafi komið fram fyrir húsið áður en þeir náðu A út og hann hafi eitthvað reynt að tala við þá. Vitnið kveðst ekki muna hvað ákærði sagði enda hafi hann átt erfitt um mál vegna ölvunar og vitnið ekki mátt vera að því að hugsa

um hann.

Samkvæmt 221. gr. almennra hegningarlaga varðar það refsingu að láta fyrir farast að koma manni til hjálpar, sem staddur er í lífsháska, þótt maður gæti gert það án þess að stofna lífi eða heilbrigði sjálfs sín eða annarra í háska.

Vitnið A man atvik óljóst og brotakennt og liggur ekki ljóst fyrir hvernig atvikum var háttað eftir að eldur varð laus í húsinu. Framburði ákærða um að hann hafi reynt að skýra lögreglumönnunum frá því að A væri inni í brennandi húsinu hefur ekki verið hnekt. Þegar litið er til þess að eldurinn virðist hafa breiðst fljótt út og aðstæðna eins og ákærði lýsir þeim er líklegt að ákærði hafi ekki átt þess kost að komast til A eftir að honum varð ljós sú hætta sem að henni steðjaði. Að framangreindu virtu þykir ósannað að ákærði hafi framið það brot, sem honum er að sök gefið í þessum lið ákæru og verður hann því sýknaður af því.

Í 7. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök brot gegn valdstjórninni, með því að hafa, þegar lögregla kom á vettvang í kjölfar atburða sem greint er frá í ákæruliðum 3-6, ógnað lögreglumönnunum C og D með hnífi.

Ákærði kannast við að hafa tekið hnífinn með sér út úr brennandi húsinu. Hann kveðst þó ekki muna eftir að hafa verið með hníf þegar hann kom til lögreglunnar en hann hafi baðað út höndunum og reynt að segja þeim að A væri inni. Þeir hafi þá líklega bograð yfir henni. Hann hafi ekki ætlað að ráðast á þá heldur láta þá vita af A. Vitnið D kveðst hafa bograð yfir A eftir að hafa náð henni úr brennandi húsinu. Hann hafi þá orðið var við hreyfingu skáhallt útundan sér og séð þar ákærða með hníf í hendi, hálfuppreiddan. Hann hafi þegar í stað stokkið á ákærða, yfirbugað hann og handjárnað. Ákærði hafi ekki sýnt mótspyrnu við handtökuna. Í útkalli neyðarlínu hafi verið tilkynnt að tveir hefðu verið stungnir með hnífi og honum hafi því ekki litist á blikuna þegar hann hafi séð ákærða með hnífinn. Vitnið C kveðst ekki hafa séð ákærða með hníf. Hann kveður ákærða hafi komið til þeirra áður en þeir náðu A út og eitthvað reynt að tala við þá. Hann hafi verið mjög ölvaður og þvoglumæltur og kveðst vitnið ekki muna hvað hann sagði. Hann kveðst ekki vita hvort ákærði hafi gengið í burtu eftir það áður en hann birtist aftur með hnífinn. Samkvæmt framansögðu virðist sem ákærði hafi tvívegis komið að lögreglumönnunum og verið með hnífinn í síðara skiptið.

Þegar litið er til þess að vitnið D sá ákærða aðeins út undan sér og stökk þegar á hann, að ákærði virðist strax hafa sleppt hnífnum og sýndi enga mótspyrnu við handtökuna, að hann hafði áður komið til þeirra og eitthvað reynt að tala við þá, þykir ósannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi af ásetningi ógnað lögreglumönnunum með hnífi, svo sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið. Ber því að sýkna ákærða af 7. lið ákærunnar.

Ákvörðun refsingar, skaðabóta og sakarkostnaðar.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins var ákærði dæmdur í 30 daga varðhald fyrir ölvunarakstur og fleiri umferðarlagabrot þann 25. mars 1994 og var hann þá

jafnframt sviptur ökurétti ævilangt. Þann 22. maí 1996 var hann dæmdur í 60 daga varðhald og til greiðslu sektar fyrir ölvunarakstur, akstur sviptur ökurétti og vopnalagabrot. Þann 9. október 2000 var hann dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir ölvunarakstur og akstur sviptur ökurétti. Var hann þá aftur sviptur ökurétti ævilangt. Loks var ákærði, þann 7. desember 2001 dæmdur í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir tilraun til þjófnaðar.

Ákærði er nú sakfelldur fyrir að stinga A með hnífi í brjósthol. Var atlega hans að henni stórhættuleg og lán að ekki skyldi hljótast alvarlegri áverkar af. Á hinn bóginn ber við ákvörðun refsingar að líta til þess að ákærði hefur ekki áður verið dæmdur fyrir ofbeldisbrot. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 6. nóvember 2006.

Í málinu gerir A kröfu um miskabætur úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 1.500.000,- auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá tjónsdegi en hafi krafan ekki verið greidd innan mánaðar frá því að hún var kynnt ákærða er krafist dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. laganna. Að auki er krafist lögmansþóknunar úr hendi ákærða að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti. Er krafa hennar reist á því að ákærði hafi auk hnífsstungunnar verið valdur að brunasárum hennar. Þykir ákærði með því að stinga A með hnífi hafa bakað sér skyldu til að bæta henni tjón það er af hnífsstungunni hlaust þ.á.m. miska samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar kr. 500.000,- auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 5. nóvember 2006 til 28. febrúar 2007, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir að hafa umkrafða lögmansþóknun í huga við ákvörðun réttargæslulauna skipaðs réttargæslumanns A.

Með vísan til 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 ber að vísa skaðabótakröfu B frá dómi.

Samkvæmt yfirliti um sakarkostnað og öðrum gögnum liggur fyrir sakarkostnaður að fjárhæð kr. 495.796- vegna ýmissa rannsókna og vitnaþóknunar. Þá hefur verjandi ákærða á rannsóknarstigi fengið greiddar kr. 537.280,- vegna sinna starfa. Ferðakostnaður skipaðs verjanda ákærða, nemur kr. 93.775-. Verjandi ákærða, Róbert Árni Hreiðarsson hdl. hefur afhent dóminum tímaskýrslu vegna starfs síns í málinu og með hliðsjón af henni þykja málsvarnarlaun hans hæfilega ákveðin kr. 750.000- og er virðisaukaskattur þar innifalinn. Samtals nemur framangreindur sakarkostnaður kr. 1.876.851-. Ber að dæma ákærða til greiðslu helmings þessarar fjárhæðar en helming hennar ber að greiða úr ríkissjóði.

Ferðakostnaður réttargæslumanns A, Björns Línal hdl. nemur kr. 49.750-. Þá þykja réttargæslulaun hans hæfilega ákveðin kr. 260.000- og er virðisaukaskattur þar meðtalinn. Samtals nemur réttargæslukostnaður A kr. 309.750-. Ber að dæma ákærða til greiðslu helmings þeirrar fjárhæðar en að hálfu greiðist hún úr ríkissjóði.

Réttargæslukostnað B ber að greiða úr ríkissjóði þ.m.t. réttargæslulaun skipaðs réttargæslumanns hans, Berglindar Svavarsdóttur hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 260.000- að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dómsuppsaga hefur tafist lítillega vegna starfsanna dómsformanns.

Dóminn kveða upp Freyr Ófeigsson dómstjóri sem dómsformaður og héraðsdómaramennir Ásgeir Pétur Ásgeirsson og Hjörtur O. Aðalsteinsson.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði X sæti fangelsi í 3 ár. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 6. nóvember 2006 kemur til frádráttar refsingunni.

Ákærði greiði A kr. 500.000,- með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 5. nóvember 2006 til 28. febrúar 2007, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Skaðabótakröfu B er vísað frá dómi.

Sakarkostnaðar að fjárhæð kr. 1.876.851- þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., kr. 750.000- og er virðisaukaskattur þar innifalinn, greiði ákærði að hálfu en helmingur greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði réttargæslukostnað A, kr. 309.750- að hálfu þar af réttargæslulaun skipaðs réttargæslumanns, Björns Línadal hdl., kr. 260.000- og er virðisaukaskattur þar innifalinn en að hálfu greiðist hann úr ríkissjóði.

Réttargæslukostnaður B greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. réttargæslulaun skipaðs réttargæslumanns hans, Berglindar Svavarsdóttur hdl., kr. 260.000- og er virðisaukaskattur innifalinn.